

ÞJÓÐVILJINN

Fimmtudagur 9. mars 1989 48. tölublað 54. árgangur

Varaflugvöllurinn

Kostnaður hrein ágiskun

Kostnaðartalan 11 miljarðar er hrein ágiskun sem hvergi hefur fengist staðfest. NATÓ hefur ekki samþykkt að varaflugvöllur verði greiddur af Mannvirkjasjóðnum. Talsmaður Bandaríkjahers telur að Bandaríkjamenn og hugsanlega Íslendingar deili kostnaði af forkönnun

Þorsteinn Ingólfsson, skrifstofustjóri Varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, staðfesti í samtali við Þjóðviljann að sú tala sem nefnd hefur verið um hugsanlegan kostnað við byggingu varaflugvallar á vegum Bandaríkjanna-Mannvirkjasjóðs NATÓ, 11 miljarðar króna, sé hrein ágiskunartala sem hann hafi hvergi getað fengið staðfesta. Talsmaður Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli segist aðeins hafa séð þessa tölu nefnda í íslenskum fjölmiðlum.

Þá kom fram við eftirgrensulan blaðsins að viðkomandi stofnanir innan Nató hafa enn ekki samþykkt að gerð varaflugvallarinn verði kostuð úr sameiginlegum Mannvirkjasjóði hernáðarbandalagsins. Þá eru menn ekki á eitt sáttir um hver eigi að bera kostnað af svonefndri forkönnun. Talsmaður Bandaríkjahers á Keflavíkurvelli telur, þó með fyrirvara um áreiðanleik svarsins, að sá kostnaður falli á bandarísk stjórnvöld og hugsanlega á Íslendinga að hluta. Utanríkisráðuneytið hefur hins vegar haldið því fram að Mannvirkjasjóður NATÓ hafi samþykkt að kosta forkönnunina. Samkvæmt heimildum blaðsins fæst það þó vart staðist.

Þá kom fram í viðtali við Þorstein Ingólfsson að Íslendingar muni einir sitja að byggingarframkvæmdum við varaflugvöllinn, ef af byggingu hans verður. Þetta stangast algjörlega á við reglur Mannvirkjasjóðsins, en samkvæmt þeim skulu verktakar frá öllum þeim löndum sem eiga aðild að Mannvirkjasjóðnum eiga tilkall til þátttöku í útböðum. Erlendur vígbúnaðarsérfræðingur sem blaðamaður ræddi við taldi að þessi „sérreittindi“ íslenskra verktaka, auk þess sem skilgreining Wörners framkvæmdastjóra NATÓ þess efnis að varaflugvöllurinn sé „borgaralegt“ mannvirki, geri það að

verkum að önnur aðildarríki að Mannvirkjasjóðnum utan

Bandaríkjanna samþykktu tæpast að Mannvirkjasjóðurinn ætti

að fjármagna umræddan „varaflugvöll.“

Sjá nánar ítarlega úttekt í Nýju Helgarblaði á morgun. phh



Endursýning SÚM. Á Kjarvalsstöðum verður opnuð yfirlitssýning á verkum sem unnin voru á vegum félagsskaparins Súm á árunum 1965-72. Sýningin verður opnuð á laugardag. Súmmarar voru þekktir fyrir að bregða út af viðteknum venjum í myndlist og vöktu sýningar þeirra oft furðu og hneykslun. Nú eru hinsvegar flestir þeirra löngu viðurkenndir sem listamenn. Í tilefni sýningarinnar er gefin út vegleg sýningarskrá með greinum eftir Ólaf Gíslason og Guðberg

Bergsson, auk sjö efnismikilla viðtala sem Ólafur hefur átt við félagá hópsins. Þegar Þjóðviljinn leit inn á Kjarvalsstöðum í gær voru þeir Kristján Guðmundsson, Gyfi Gíslason, Hreinn Friðfinnsson og Sigurður Guðmundsson að leggja síðustu hönd á sýninguna. Auk þeirra verða sýnd verk eftir aðra úr SÚM-hópnum og við opnun sýningarinnar verður flutt tónverk eftir Atla Heimi Sveinsson. Mynd Póm.

Arnarflug

Beiðni um 350 m.kr. ríkisstyrk

Óvíst að ríkið taki tillögunum fagnandi. Steingrímur J. Sigfússon: Mun skoða tillögur Arnarflugs

Stjórn Arnarflugs hefur lagt nýjar tillögur fyrir samgönguráðherra um leiðir til hjargar féluginu. Í tillögunum er gert ráð fyrir að ríkið selji fyrrum Arnarflugspötuna sem nú er í eigu ríkis-

ins og að söluágóðinn sem áætlaður er um 200 milljónir króna renni til Arnarflugs. Þá leggi ríkið til 150 milljónir til félagsins og veiti ríkisábyrgð á lánum til Arnarflugs komist reksturinn á þolan-

legan grundvöll. Þá muni hluthafar í Arnarflugi leggja fram ótilgreindar upphæðir í auknu hlutfé, jafnframt því sem stjórn Arnarflugs vonast til að flugfélögin KLM og Air Lingus gefi eftir

skuldir Arnarflugs, sem nema u.þ.b. 55 milljónum króna. Samkvæmt þessum tillögum næmi framlag ríkisins til Arnarflugs um 350 milljónum, auk væntanlegrar ríkisábyrgðar.

Þá á eftir að gera upp þær fjárhæðir sem ríkið greiddi þegar það gekk inn í kaupleigusamning vegna Arnarflugsvélarinnar, en samkvæmt heimildum Þjóðviljans greiddi ríkið um 100 milljónir svo tryggja mætti kaupréttinn á vélinni. Þjóðviljinn bar tilboð Arnarflugsmanna undir Steingrím J. Sigfússon samgönguráðherra en hann vildi lítið láta hafa eftir sér, sagði aðeins að hann mundi líta á þetta tilboð. Átti hann í því sambandi fund með mönnum úr fjármálaráðuneytinu í gær.

Fremur ólíklegt er talið að ríkisstjórninni hugnist þetta tilboð Arnarflugsmanna, því auk fyrrnefndra útgjalda er óvíst hver hlutfjárukning hlutahafa kynni að verða, auk þess sem ríkið þyrfti að taka áhættuna af því hvort hlutfjárloforð Arnarflugsmanna skiluðu sér í fjármunum. phh

Ríkisstjórnin

Polinmæði Stefánsmanna á þrotum

Auður Eiríksdóttir: Stjórnarfrumvörp ekki borin undir okkur

Stefán Valgeirsson og félagar hans í Samtökum jafnréttis og félagshyggju eru farnir að ókyrrast og gerast langeygir eftir því að ríkisstjórnin leggi til atlögu við vanda atvinnulífsins í hinum strjálali byggðum landsins. Einnig kvartar Auður Eiríksdóttir, vara- maður Stefáns á alþingi, undan því að ríkisstjórnin leiti ekki álíts Stefánfólks á stjórnarfrumvörpum áður en hún leggur þau fram á löggjafarsamkomunni.

Stefán gagnrýnir ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar harð-

lega í viðtali við Dag á Akureyri í gær og segir hana þjóðinni jafnlítils virði og forvera hennar er laut forystu Þorsteins Pálssonar. Komi hún sér ekki hið snarasta að því verki að reisa við undirstöðuáttvinnuvegi þjóðarinnar eigi hún ekki langt líf fyrir höndum. Þótt kosningar séu ekki fýsilegur kostur séu þær þó skömminni skárrí en ríkisstjórnin sem láti allt reka á reidanum.

Auður Eiríksdóttir lýsti því yfir í umræðum um vaxtalagafrumvarp ríkisstjórnarinnar á alþingi í gær að hún hefði frjálssar hendur

við afgreiðslu þess þar eð ríkisstjórnin hefði hvorki borði málið undir sig né Stefán.

Þegar Þjóðviljinn innti Auði eftir því hvort þetta væri ekki undantekning, slys eða klaufaskapur af hálfu ráðherra, svaraði hún því neitandi. Svo virtist sem ríkisstjórnin gengi að Samtökum jafnréttis og félagshyggju vísam. Hún hefði leitað álíts Stefáns á ýmsum frumvörpum við upphaf ferils síns í haust en síðan ekki söguna meir.

Auður tók undir gagnrýni Stef-

áns. Sárafá þeirra mála sem ríkisstjórnin þóttist bera fyrir brjósti í haust hefðu komist í gegn og fengið farsæla lausn. Tók hún til dæmis ráðagerðir um jöfnun raforkuverðs og lækkun vaxta. Vextir héldu áfram að hækka sem væri óviðunandi. Stjórnvöld virtust sem sé ófær um að koma raunvöxtum niður í 6 af hundradi eins- og menn létu sig eitt sinn dreyma um, hvað þá 5% einsog forsætisráðherra hefði boðað í tilkynningu sinni um efnahagsráðstafanir í öndverðum fyrri mánuði. ks